

Formannspistill

ELÍN SIGURGEIRSDÓTTIR,
FORMAÐUR TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS

NETFANG: elin@kryna.is
TANNLÆKNABLAÐIÐ 2024; 42(1): 52-53



Kæru félagar

Það sem flest okkar hafa áhuga á um þessar mundir er staða samningaviðræðna við Sjúkratryggingar Íslands enda hafa þær bein áhrif á það þjónustustig sem við getum veitt tryggðum sjúklingum okkar og afkomu stéttarinnar. Viðræður ganga vel en hafa verið tímafreakar. Það er ekki einfalt mál að slá saman þremur samningum í einn sem síðan á að gilda næstu fimm ár. Samninganefndir TFÍ og SÍ hafa hist á þriggja til fjögurra klukkustunda löngum fundum vikulega síðan í lok október síðastliðinn en auk þess hefur samninganefnd TFÍ hist vikulega á jafnlöngum fundum til að undirbúa sig fyrir fundina með SÍ. Allir stefna að sama markmiði, góður samningur fyrir sjúklinga okkar, tannlækna og SÍ sem kaupir þjónustuna.

Þegar þetta er ritað er formaður á ferð til Debrechen, Ungverjalandi að heimsækja miðjudótturina sem stundar þar nám í tannlæknisfræði. Á undanförunum misserum hefur grunnenntun tannlækna gjörbreyst sem varð tilefni þess að stjórn og framkvæmdastjóri TFÍ buðu til sérstakrar móttöku fyrir þá nýju félagsmenn sem hafa gengið í félagið síðustu mánuði og telur um 8 nýja tannlækna sem ýmist eru Íslendingar sem hafa hlotið menntun sína erlendis eða erlendir tannlæknar sem hafa ákveðið að starfa hér. Virðist sem þörf sé á fleiri tannlæknum til landsins enda ber mjög mörgum kollegum saman um að hafa yfirdrifið nóg að gera og tæpast anna eftirspurn. Þetta ástand sem skapast hefur er til umhugsunar, en málið er að Íslendingum hefur fjölgað langt umfram manntalsspár, en því miður hefur ekki náðst að byggja upp innviði samfélagsins að sama skapi. Enn eru einungis átta tannlæknar sem útskrifast úr THÍ á hverju ári og hefur lítið breyst frá því er undirrituð stundaði nám í þessum skóla fyrir ríflega þrjátíu árum síðan. Mikilvægt er

að fleiri tannlæknar verði útskrifaðir hér á landi ár hvert og bindum við vonir við að tannlæknadeildin verði stækkuð við flutning í nýbyggingu Landspítalans sem er verið að reisa.

Annað umhugsunarvert er nýliðun sérfræðinga hér á landi. Til þess að að viðhalda þeim fjölda sem fyrir er miðað við íbúa þyrftu þrír sérfræðingar að útskrifast á ári hverju. Sérfræðingar í tannlæknisfræði hér á landi eru að eldast eins og eftirfarandi tölur gefa til kynna:

- 62% sérfræðinga eru 50 ára og eldri
- 26% sérfræðinga eru 40 - 49 ára
- 12% sérfræðinga eru 39 ára og yngri

Nú eru einungis tveir sem stunda sérnám, þannig að til að viðhalda umræddum fjölda vantar töluvert á. Hverjar gætu skýringarnar verið? Getur verið að ungir tannlæknar telji það ekki borga sig að fara utan í sérnám? Er námið of dýrt og skilar sérfræðingsálagið ekki því til baka til að standa straum af skólagjöldum, tekjuleysi á námstíma og framfærslukostnaði? Eiga ungir tannlæknar erfitt með að komast að í sérnám? Allt eru þetta spurningar sem við þurfum að rýna og skoða vel og jafnvel bregðast við. Mögulega þarf að finna leiðir til að auðvelda fjármögnun náms, fá stjórnvöld með í lið til að liðka fyrir um inntöku nema erlendis og jafnvel skoða hækkun sérfræðiálags. Mögulega er þörf á að sérfræðingar kynni markvisst fyrir tannlæknanemum og ungum kollegum sérgreinar sínar.

Annað sem vert er að skoða er menntun tannfræðinga hér á landi en hér starfa um 15 tannfræðingar og er það ekki nægjanlegt ef við berum okkur saman við önnur lönd. Síðan er það ný stétt sem undirrituð hefur lengi viljað sjá menntaða og starfa hér og kys að kalla þá tannliða. Nám þeirra gæti verið samsett úr námi tanntækna og sjúkraliða og er þessum starfshópi ætlað að sinna munnheilsu fólks á



Nýir tannlæknar á Íslandi ásamt formanni TFÍ. Frá vinstri: Reza, Mohammad, Iryna, Elin, Jeta og Alexander.

hjúkrunarheimilum undir stjórn tannlækna/tannfræðinga. Skoðun mín er sú að það er löngu orðið tímabært að mennta þessar tvær stéttir, enda þjóðþrifamál.

Í þessu tbl. Tannlæknablaðsins verða birtar niðurstöður könnunar um afdrif félagsheimilis okkar. Niðurstöður eru nokkuð afgerandi og hallast flestir að því að húsnæði að Síðumúla 35 verði selt. Líf okkar er ávallt breytingum háð og því mikilvægt að ígrunda vel breytingar sem verða með tímanum og hvaða kostir eru sjáanlegir. Eins og staðan er nú stendur félagið frammi fyrir umtalsverðum kostnaði við viðhald húsnæðis sem hleypur á tugum milljóna og þýðir lántökur sem eru alls ekki hagstæðar nú. Stjórn gerir sér grein fyrir sögu félagsheimilisins og er fullur skilningur á þeim tilfinningum sem margir félagar bera til þess. Ekki stendur til að félagið sitji uppi húsnæðislaust og því verður að skoða vel þá kosti sem eru í stöðunni. Möguleiki er á að samnýta húsnæði með öðrum svipuðum félagsamtökum og deila með þeim fundaraðstöðu, fjarfundarbúnaði, kaffistofu og fleiru þannig að kostnaður gæti orðið sameiginlegur með þeim. Framkvæmdastjóri okkar, Katrín Guðmundsdóttir, er störfum hlaðin við verkefni sem ekki snúa beint að félagi okkar og hagsmunamálum heldur rekstri, utanumhaldi og viðhaldi félagsheimilis TFÍ.

Verkefni eru orðin slík að umfangi að erfitt reynist fyrir 120% starfshlutfall að ná utan um öll þau verk sem þyrfti og því full ástæða til að athuga hvort að bæta ætti við starfskrafti í hlutastarf. Til samanburðar þá er fjöldi starfandi tannlækna í Danmörku 3750 félagsmenn og í danska tannlæknafélaginu en hjá félaginu eru um 50 manns á launum til að sinna verkefnum. Til dæmis starfar einn starfsmaður í Danmörku fyrir hverja 75 tannlækna

en á Íslandi einn fyrir hverja 250 séu starfandi tannlæknar á Íslandi um 300 talsins. Verkefni TFÍ eru þau sömu og í nágrannalöndunum og því hreinlega ósanngjarnt að farið sé fram á að 1,2 starfsmaður nái að inna sömu vinnu af hendi. Formaður TFÍ hyggst leggja fyrir næsta aðalfund að bætt verði við 50-60% starfshlutfalli til að mæta þessari vinnu.

Ritstjóri tannlæknablaðsins og samninganefndir TFÍ vinna sjálfbóðaliðastarf fyrir félagið og er það vitaskuld þakkarvert en þekkist varla í öðrum félagsamtökum. Tíminn sem þessir aðilar verja í þetta mikilvæga starf í þágu félagsmanna er gríðarlegur. Þetta er eitthvað sem formaður telur að skoða skuli sérstaklega. Af því má ráða að ófumflýjanlegt verður að endurskoða þurfi félagsgjöld TFÍ.

Félagið mun boða til almenns félagsfundar til kynningar á nýjum samningi og væntum við þess að sjá ykkur sem flest.

Síðast en ekki síst vil ég þakka öllum þeim sem unnið hafa í þágu félagsins, má ég þar helst nefna stjórn, samninganefndir, endurmenntunarnefnd fyrir skipulagningu ársþings og janúarkúrs, ritstjóra og ritstjórn hins glæsilega Tannlæknablaðs sem er sneisafullt af áhugaverðum greinum í faginu, skemmtinefndinni og framkvæmdastjóra félagsins, Katrínu Guðmundsdóttur sem er vakin og sofin yfir velferð félags okkar.

Framundan er vorið og sumarið, bjartasti tími ársins því er full ástæða til að líta björtum augum til framtíðar á svo margan hátt.

Óska ég ykkur gleðilegs sumars!

Elin Sigurgeirsdóttir

Formaður TFÍ

Húsnæðismál Tannlæknafélags Íslands

KATRÍN GUÐMUNDSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI TANNLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS



TANNLÆKNABLAÐIÐ 2024;42(1):54-57
NETFANG: tannsi@tannsi.is

INNGANGUR

Húsnæðismál Tannlæknafélags Íslands hafa verið til umræðu undanfarin ár. Félögum hefur fjölgað, húsnæðið er of lítið fyrir stærri fundi og ráðstefnur. Gerðar eru meiri kröfur um aðgengismál, tæknilausnir og komið er að verulegu og kostnaðarsömu viðhaldi. Málin hafa verið rædd en engar ákvarðanir teknar. Stjórn félagsins telur að ekki verði undan því vikist að ákvarðanir verði teknar um framtíð skrifstofu og félagsheimili tannlækna.

SAGAN

Fljótlega eftir stofnun Tannlæknafélags Íslands 1927, vaknaði áhugi á að fá samastað til fundahalds og fyrir bókasafn félagsins. Lítið gerðist fyrstu áratugina en í kringum 1937 fóru félagsfundir fram á Hótel Borg. Árið 1945 var svo styrktarsjóður TFÍ stofnaður sem gaf félaginu möguleika á að kaupa íbúðarhæð á Njálsgötu 4 og síðar á Rauðarárstíg 36. Þessar íbúðir voru leigðar út, en ekki notaðar fyrir félagsstörf.

Árið 1961 fékk Tannlæknafélagið afnot af sal í Bolholti 4 hjá fyrirtækinu Dentalía (stofnað 1957 og annaðist innflutning á vörum fyrir tannlækna). Sex árum síðar yfirtekur TFÍ húsnæðið hjá Dentalíu, bætir við eldhúsi og stækkar salinn. Bolholt 4 varð síðan félagsheimili Tannlæknafélagsins og leigt út til samkomuhalds. Reksturinn var ábatasamur og hvatti forráðamenn TFÍ til að huga að húsa kaupum.

Árið 1970 var samþykkt tillaga um að kaupa efstu hæð í Síðumúla 35 og innrétta húsnæðið fyrir félagsheimili. Kosin var byggingarnefnd sem tók við húsnæðinu, sem var vígt 4. desember 1971. Dentalía leigði norðurhluta hæðarinnar (110 fm) fram til 1976 er Tannlæknafélagið

tók húsnæðið til eigin nota. Eftir það var félagsheimilið rekið með hagnaði um árabíl og leigt undir ýmisskonar samkomur, veislur og fundi.

Síðar keypti Tannlæknafélagið hluta annarrar hæðar Síðumúla 35 og flutti skrifstofu sína þangað, þar til húsnæði annarrar hæðar var selt 2006. Í framhaldi voru skrifstofur fluttar upp á þriðju hæð og öll hæðin innréttuð upp á nýtt eins og við þekkjum húsnæðið í dag, með skrifstofu og tveimur sölum.

MINJASAFN

Árið 1962 var ákveðið á fundi að safna skyldi munum sem snertu tannlækningar á Íslandi og Fornminjanefnd var sett til að sinna þessu verkefni. Húsnæðisskortur bagaði en rættist úr þegar Tannlæknafélagið eignaðist Síðumúla 35. Eftir 1982 fór safnið á flakk, var geymt um tíma í kjallaraífbúð að Fells múla 12 sem Tannlæknafélagið keypti en var seld þegar önnur hæð Síðumúla 35 var keypt. Safnið var síðan afhent Þjóðminjasafninu árið 1999.

HÚSNÆÐISKÖNNUN

Umræða hefur verið undanfarið um framtíð félagsheimilis TFÍ í ljósi þess að fyrir liggja framkvæmdir á húsnæðinu í Síðumúla 35. Í sumar verður ráðist í gluggaskipti og viðgerð á klæðningu auk þess sem þak verður málað. Kostnaður TFÍ við þessar framkvæmdir er amk. 20 milljónir króna. Þá er nauðsynlegt að malbika bílastæði og þörf er á viðgerð á tröppum.

Salur TFÍ uppfyllir ekki lengur kröfur til útleigu m.a. vegna ásigkomulags og aðgengis (engin lyfta, né rampur)



Mynd 1. Skrifstofa BHM flutti í nýinnréttað húsnæði að Borgartúni 27, Reykjavík seint á síðasta ári.



Mynd 2. Húsnæði Læknafélags Íslands er á efstu hæð að Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

og er því ekki tekjulind í því standi sem hann er. Salurinn er of lítill fyrir kúrsa TFÍ en einnig er tækjabúnaður úreltur og kostnaðarsamt að endurnýja hann.


TFÍ hefur fengið boð að leigja aðstöðu hjá BHM eða Læknafélagi Íslands, Myndir 1 og 2. Á báðum stöðum er aðgangur að fundarrýmum ásamt tækniúnaði og tækniaðstoð sem henta TFÍ í daglegum rekstri en áfram yrðu þing haldin í ráðstefnusölum. Framkvæmdastjóri TFÍ yrði í daglegum samskiptum við félög í skyldri starfssemi, samnýting á þjónustu og samvinna við sambærileg félög gera starf framkvæmdastjóra skilvirkara.

Í ljósi þessa ákvað stjórn TFÍ kanna hug félagsmanna varðandi afdrif húsnæðis og félagsheimilis TFÍ. Könnun var gerð með SurveyMonkey og send á alla félagsmenn TFÍ, en 372 eru á félagaskrá.

BAKGRUNNUR

Svör bárust frá 198 félögum eða 53% svörun. Skipting á milli kynja var nokkuð jöfn og endurspeglar kynjaskiptingu félagsmanna (kvk 49% og kk 51%). Eins var svörun varðandi búsetu í samræmi við félagaskrá en tæp 80% búa á höfuðborgarsvæðinu (póstnúmer 101-270), tæp 20% á landsbyggðinni (póstnúmer 300-900). 3% svarenda búa erlendis, Mynd 3.


Hvað varðar aldersdreifingu var betri svörun hjá yngri félögum. Af félögum 70 ára og eldri svöruðu aðeins 15%, en sá hópur er 23% af heildarfélögum. Tæp 9% svarenda eru hættir störfum en 91% eru starfandi. Reikna má með að hluti þeirra sem hættir eru störfum séu einnig hættir afskiptum af félagsstörfum (m.a. vegna aldurs eða heilsu).



Mynd 3. Skipting þátttakenda eftir búsetu.


EIGA EÐA SELJA HÚSNÆÐI?

Aðalspurning könnunar var hvort halda ætti húsnæði og ráðast í endurbætur eða selja húsnæði, flytja skrifstofu og fjárfesta fé. 87% eru á þeirri skoðun að selja eigi húsnæðið, Mynd 4.




Mynd 4. 87% vilja flytja skrifstofu, selja húsnæðið að Síðumúla 35 og fjárfesta fé. 13% vilja halda húsnæði TFÍ og ráðast í endurbætur, bæta aðgengi og tækjakost.

Þegar þessi spurning var borin saman við aldur þá var mestur munur í svörum innan aldurshópa hjá 39 ára og yngri en aðeins 3% þeirra vilja halda húsnæði á meðan 97% vilja selja. Næstur var munur inn hjá aldurshópnum 70 ára og eldri en 26% þeirra vilja halda húsnæði og 74% selja. Af svörum allra aldurshópa þá var hlutfall 39 ára og yngri 23% af þeim sem töldu að ætti að selja á meðan hlutfallið var 4% á meðal þeirra sem vildu halda húsnæði. Mynd 5



Mynd 5. Þeir sem vilja flytja eða halda húsnæði eftir aldurshópum.

Af þeim sem töldu ákjósanlegast að selja húsnæði og flytja skrifstofu þá var meirihluti (61%) þeirrar skoðunar að frekar ætti að fjárfesta í fasteign, þ.e. orlofshúsi eða íbúð en að fjárfesta í sjóðum (33%). 6% töldu að ráðstafa ætti á annan hátt t.d. greiða út til félagsmanna, lækka félagsgjöld eða kaupa aðstöðu fyrir skrifstofu í nýrra og betra húsnæði.



Mynd 6. Ráðstöfun fjár ef húsnæði í Síðumúli 35 er selt

Af þeim sem kjósa að halda húsnæðinu og ráðast í endurbætur þá eru meirihluti á því að skrifstofan sé áfram í húsnæðinu eða 61% og rekstraraðili sem sér um sali ráðinn (22%) eða húsnæði leigt út að hluta (39%). Færri eða 26% telja að skrifstofa eigi að flytja og húsnæðið leigt út í heild sinni. Undir möguleiknanum annað komu fram skoðanir og tilfinningar félagsmanna en enginn raunhæfur kostur. Mynd 6.

BÚBÓT EÐA TÍMASKEKKJA

Í lokin var opin spurning þar sem félagsmönnum gafst kostur að koma skoðunum sínum á framfæri og nýttu 25 manns sér það.

Það eru augljóst að það eru skiptar skoðanir á hvort félagið eigi að halda úti orlofshúsum. Jafnmargir nefndu kosti orlofshús/íbúðar og þeir sem töldu það vera botnlausu hit og þrætuefni. Þá virtist sem íbúð í Reykjavík eða Akureyri eiga meira upp á pallborðið hjá mörgum en orlofshús í sveit.

Nokkrir telja mikilvægt að félagið eigi húsnæði áfram, því nauðsynlegt er að nefndir hafi aðstöðu til funda og félagar

hittiist, þó stærri fundir væru út í bæ. Komu hugmyndir sem þó eru ekki nýjar af nálinni eins og að bæta við hæð ofan á húsið (TFÍ á byggingarrétt) og koma fyrir lyftu. Vel viðhaldið húsnæði væri meira virði og til lengri tíma litið ódýrara að eiga en leigja. Einstakir töldu félagið geta haft ágóða af því að leigja út salinn til veisluhalda og þannig væri hægt að fjármagna framkvæmdir. Það má ætla að þeir hafi talið ákjósanlegt að ráða rekstraraðila.

Nokkur afdráttarlaus svör komu um að eiga húsnæði og reka félagsheimili væri tímaskekkja og voru félagsheimili í sveitum landsins nefnd sem dæmi. Löngu tímabært væri að selja húsnæðið þó fyrir hefði verið.....eða síðar þegar húsnæðismarkaður væri betri.

Fram kom mikilvægi sögu og aðdraganda þess að félagið eigi félagsheimili og stungið var upp á því að sögunni yrði gerð skil af eldri félagsmanni. Eins þarf að tryggja að minjar og verðmæti í eigu félagsins eins og málverk og flygillinn yrði komið fyrir á góðum stað.

HVAÐ SVO?

Umræða um afdrif félagsheimilis TFÍ er ekki ný af nálinni, kostir þess að eiga húsnæði eða leigja skrifstofu, reka orlofshús eða fjárfesta í stúku á Old Traffort hefur komið upp áður. Það er svo spurning hvert umræðan í þetta sinn leiðir. Það er mat stjórnar að nú verði að bretta upp ermar og taka ákvarðanir, það er ljóst hver vilji meirihluta félagsmanna er. Komið hefur upp hugmynd að skipa húsnæðisnefnd á félagsfundi sem væri stjórn innan handar með tillögur, ákvarðanir og tímamörk. Húsnæðisnefndir hafa áður starfað t.d. þegar eldri húsnæði voru seld og núverandi húsnæði var keypt og síðar tekið í gegn.